

Til hamingju með jarðgerðarílátið

Upplýsingarit



ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

Lífrænn úrgangur

Með því að flokka heimilissorp minnkar rúmmál þess sorps sem þarf að urða. Um það bil 30-35% af heildarmagni sorps er lífrænn úrgangur sem má jarðgera. Afurð þess, moltan, nýtist sem næringarríkur áburður fyrir garðinn. Til að jarðgera lífrænan úrgang með góðum árangri þarf að þekkja ákveðin grunnatriði sem koma fram í þessu riti.



Um jarðgerðarílátíð

Jarðgerðarílátíð er einkar heppilegt til heimajarðgerðar vegna góðrar hönnunar. Ílátíð er framleitt úr endurvinnanlegu plasti og auðvelt í samsetningu. Það er með loki sem ver innihaldið gegn meindýrum og veðri. Að framanverðu er lok þar sem auðveldlega má taka moltuna út. Sérstök botnplata ver ílátíð gegn ágangi meindýra eins og músa, en hleypir þó inn ánamöðkum sem hjálpa til við niðurbrot. Í miðju ílátsins er loftunarrör sem kemur í veg fyrir að moltan súrni og ólykt myndist. Með ílátinu fylgir loftunarstafur sem nota á þegar blanda skal moltunni til að auka súrefnisinnihald og hjálpa til við niðurbrot.



Loftunarstafur

Hvað má setja í jarðgerðarílátið?



Í jarðgerðarílátið má setja t.d:

- | | |
|--------------|----------------|
| ✓ Ávexti | ✓ Te |
| ✓ Grænmeti | ✓ Pasta |
| ✓ Brauð | ✓ Hrísgrjón |
| ✓ Eggjaskurn | ✓ Matarafganga |
| ✓ Kaffi | ✓ Garðaúrgang |

Í jarðgerðarílátið má *ekki* setja t.d:

- | | |
|-----------|----------------|
| ✗ Bein | ✗ Plast |
| ✗ Gler | ✗ Olíur |
| ✗ Málma | ✗ Spilliefni |
| ✗ Umbúðir | ✗ Ólífræn efni |

Hráefni til jarðgerðar

Matarúrgangur

Setja má allan lífrænan eldhúsúrgang í jarðgerðarílátið. Ásamt matarleifum má setja kaffikorg- og filter, eldhúspappír, eggjabakka og fleira sem brotnar niður í jarðgerðinni. Í lagi er að setja afskurð af kjöti og fiski í hóflegu magni sem til fellur við hefðbundið heimilishald, en sleppa skal beinum þar sem þau brotna ekki niður í jarðgerðinni.

Garðaúrgangur

Reyna ætti að nýta allt úr garðinum í jarðgerðina nema kantskurð og mold. Allt gras og lauf sem og kurlaðar greinar ætti að setja í jarðgerðarílátið. Sé moltan of blaut er ráðlegt að þurrka grasið dálítið fyrst, en þó ekki of mikið til að upp náist hiti í jarðgerðarílátinu. Oft fyllist ílátið alveg og grasið kemst ekki allt í það, en eftir u.þ.b. 2 daga hefur grasið minnkað rúmmál sitt mjög mikið og þá mætti setja restina í. Athugið að ólífrænt rusl úr garðinum t.d. steinar, sígarettustubbar og fleira á ekki heima í jarðgerðinni.

Stoðefni

Hæfilegt magn stoðefna er um 1/3 af rúmmáli ílátsins. Þeim er ætlað að bæta samsetningu moltunnar, auka loftun og koma í veg fyrir að moltan verði of blaut. Auk þessa eru stoðefni mikilvægur köfnunarefnisgjafi.

Helstu stoðefni eru:

- ✓ Greinakurl
- ✓ Spænir
- ✓ Hálmur
- ✓ Dagblöð (niðurrifin í strimla)
- ✓ Þurrt gras
- ✓ Eggjabakkar



Jarðgerðarferlið

Staðsetning jarðgerðarilátsins:

Staðsetja ætti ílátið á skjólgóðum stað þar sem þó loftar um það. Ekki er gott að staðsetja ílátið alveg upp við heimilið, þar sem möguleiki er á að lykt geti myndast í jarðgerðarferlinu (sjá síðar).

Að hefja jarðgerð

Gott er að byrja á að setja u.þ.b. 10-20cm lag af grófum stoðefnum í botninn á ílátinu, t.d. kurlaðar eða klipptar trjágreinar. Þar yfir er settur garða- og eldhúsúrgangur og stoðefni og hrært reglulega. Hlutföllin ráðast af rakanum í moltunni, en mikilvægt er að halda jöfnum raka.

Loftun

Hæfilegt magn þurra stoðefna á móti blautum eldhús- og garðaúrgangi stuðlar að góðri loftun. Einnig er mikilvægt að lofta vel með því að hræra í ílátinu með loftunarstafnum þegar nýju hráefni er bætt við. Loftunin viðheldur hitastigi moltunnar og hraðar jarðgerðarferlinu. Hún tryggir að nægt súrefni komist að í jarðgerðarferlinu. Með nægu súrefni má koma í veg fyrir óþarfa myndun á koltvísýringi og metani og þannig tryggja heilbrigða, næringarríka og lyktarlausa moltu.



Hitastig

Í jarðgerðarferlinu getur hitastig moltunnar verið um 40-60°C. Eðlilegt er að hitastigið sé lægra að vetri en að sumri til. Hitinn er hæstur þegar niðurbrotið er sem mest, en lækkar þegar jarðgerðarferlinu lýkur. Sé ekki hiti í moltunni getur ástæðan verið að hún sé og blaut eða of þurr.

- *Moltan er of blaut.* Bæta þarf stoðefnum í moltuna og hræra vel. Einnig má taka allt úr ílátinu og blanda innihaldinu vel saman og setja það svo aftur í ílátið.

- *Moltan er of þurr.* Draga þarf úr magni stoðefna. Gott er að setja ferskt gras, en það kemur hitanum yfirleitt alltaf í gang.

Flugur og skordýr:

Þegar ílátið er opnað kemur oft flugnasveimur upp úr því og er það fullkomlega eðlilegt og í raun nauðsynlegt. Allt dýralífið sem sjá má í moltunni stuðlar að niðurbroti á lífrænum úrgangi. Örverur umbreyta því grófasta í fínna efni og svo eru það sýnilegu skordýrin sem lifa á örverunum og því sem ekki hefur brotnað niður. Við viljum því hafa skordýr í moltunni, því fleiri því betri molta! Ánamaðkar eru sérstaklega velkomnir í moltunni og gera hana enn betri en ella.

Lykt:

Undir venjulegum kringumstæðum lyktar jarðgerð lítið. Viðvarandi (súr) ólykt upp úr jarðgerðaríláti er oftast vegna þess að moltan í ílátinu er of blaut og súrefni kemst ekki að. Ferskur lífrænn úrgangur inniheldur mikið af vatni og blautar matarleifar klessast gjarnan saman sem getur leitt til súrefnisskorts í rotmassanum. Við súrefnissnauðar aðstæður er annars konar bakteríuflóra að verki, en þá myndast gjarnan metangas og illa lyktandi efni. Við slíkar aðstæður er erfitt fyrir loftháðar örverur að vinna sitt verk. Niðurbrotsferlið hægir á sér, hitastigið í ílátinu lækkar og upp getur komið súr lykt. Til að losna við ólyktina þarf að koma loftháðri öndun aftur af stað með því að bæta við stoðefnum og róta hressilega í massanum til að færa örverunum súrefni.

Tilbúin molta

Sá tími sem tekur að fullgera nothæfa moltu er á bilinu 8-12 mánuðir. Tíminn getur þó verið breytilegur eftir aðstæðum. T.d. gengur ferlið hægar fyrir sig að vetri til en að sumri. Þroskaðri moltu er mokað út um lokið neðst að framanverðu ílátsins. Ef hún virðist ekki tilbúin (er of blaut, kekkjótt eða lyktar illa) er gott að láta hana standa og þroskast áfram. Einnig er hægt að setja hana aftur í ílátið að ofan og blanda með stoðefnum. Tilbúin molta er laus í sér, álíka rök og undinn svampur eða líkt og gróðurmold sem hægt er að kaupa tilbúna í pokum.

Notkun moltunnar

Moltan er næringarríkur áburður sem hentar vel fyrir allan gróður. Hægt að blanda moltunni saman við mold eða nýta hana sem yfirlag á trjábeð. Niðurbrot lífrænna efna heldur áfram eftir að búið er að dreifa moltunni og er það talið vera einn af meginkostum jarðgerðar. Næringarefnin losna hægt úr læðingi og þannig endist næringargeta moltu mun lengur en tilbúins áburðar. Ekki er ráðlagt að nota moltuna í stað moldar við plöntun, heldur einungis sem viðbót til að auka næringarinnihald moldarinnar.



Flokkunartafla

Jarðgerð

Í jarðgerðarilátið fer lífrænn eldhúsurgangur ásamt garðaúrgangi og öðrum stoðefnum t.d. dagblöð, greinakurl og þurrt gras.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón ofl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Eldaðir fiskafgangar



Eggjaskurn



Tepokar



Eldaðir kjötafgangar



Pasta



Kartöflur



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Tannstönglar